

Innköllun á fæðubótarefnum

Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um stöðvun á dreifingu og innköllun á alls 9 fæðubótaefnun vegna óleyfilegra innihaldsefna og/eða óflokkuðum jurtum.

Útlistun á vörum og efnum sem eru óleyfilegar og/eða óflokkaðir eru hér fyrir neðan.

Dedicated ehf er innflytjandi og dreifingaraðili á umræddum vörum og í ljósi þess hversu mörgum þessarar vörur hafa hjálpað að þá mun Dedicated senda þessarar vörur í flokkun hjá þeirri stofnun sem við á. Þess má einnig geta að þau innihaldsefni sem eru ekki leyfileg/óflokkuð eru partur af stærri blöndu sem innihalda fjölda leyfilegra efna og þessi efni eru aðeins brot af formúlunni í heild.

1. Genesis Today Healthy Detoxification Total Cleanse Herbal Dietary Supplement Two-Part Cleansing Program, strikamerki 18344800037

Varan inniheldur uva ursi leaf (uva ursi folium), yellow dock (Rumex crispus), black cohosh (cimicifuga racemosa), Pau D'Arco (Tabebuia ipe), scullcap (scutellaria lateriflora) og cascara (Rhamnus purshiana).

2. Renew Life candiGone Powerful yeast cleansing program, strikamerki 631257355553.

varan inniheldur uva ursi extract leaf, pau D'Arco extract, barberry extract root (Mahonia aquifolium), neem leaf (Melia azadirachta) og berberine sulfate. Varan inniheldur einnig undecylenic acid og caprylic acid sem eru óflokkuð af Lyfiastofnun.

3. Renew Life Total Body Rapid cleanse complete 7-Day Internal cleanse, strikamerki 631257560247

Varan inniheldur N-Acetylcysteine (NAC) sem flokkað er sem lyf á Íslandi. Varan inniheldur einnig rhubarb root (Rheum palmatum (rót)) sem er B-flokkud af Lyfiastofnun.

4. Renew Life ParaGone Advanced Microorganism Detoxification Program, strikamerki 631257320902.

Varan inniheldur wormwood herb (Artemisia absinthium) og pau D'Arco extract, varan inniheldur einnig bismuth citrate, undecylenic acid og caprylic acid sem eru óflokkuð af Lyfiastofnun.

5. Renew Life cleanseMore For Relief of occasional Constipation, strikanrimer 631257534408.

Varan inniheldur rhubarb root (Rheum palmatum (rót)) sem er B-flokkud af Lyfiastofnun.

6 – 7 _GenesisToday GenEssentiars Greens concentrated Superfoods with organic Green, strikamerki 812711012063 og 812711012070.

Varan inniheldur suma root powder og astragalus extract

8-9 Renew Life IntestiNew Intestinal Lining support Formula, strikamerki 631257632 og 631257347299

Varan inniheldur N-Acetyl D-Glucosamine sem skilgreint er sem lyf á Íslandi. Varan inniheldur einnig gamma oryzanol sem er óflokkað af Lyfiastofnun.

Framleiðendur sem um ræðir eru Renew Life frá Canada og Genesis Today frá Bandaríkjunum. Vörurnar hafa verið seldar í gegnum verslanir Heilsuhússins ásamt verslun og netverslun www.active.is

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að hafa samband við Dedicated ehf í gegnum active@active.is.